



# Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

38. tölublað, 4. árgangur, nóvember 2015 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

## Vissir þú að....

Höfuðborg Ástralíu  
heitir Canberra?

[Meira hér.](#)

## „Ber það sem eftir er“.

3 .nóvember kl:16:30 er foreldrum boðið að koma og horfa á fyrirlestur í tengslum við átakið ber það sem eftir er (sexting og hrelliklám). Fyrirlesturinn verður sýndur í bókasafni skólans og er um klukkustund .

## Kæra skólasamfélag

Þá er nóvember runninn upp með myrkri og kulda, við erum heppin að eiga ljós og yl til að mæta skammdeginu, svo er snjórinn farinn að minna á sig og lýsa upp. Námsmat í formi umsagna fer heim á grunnskólastigi 6. nóvember er haustönn lýkur og í kjölfarið hefst vetrarönn. Í nóvember er heimsálfupema í skólanum með áherslu á Ástralíu og tilvalið að ræða saman um eitthvað spennandi tengt þeim stað. Munið að þið eruð ávallt velkomin í skólann!

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

## Frá foreldrafélaginu

Nú fer að líða að árlegum piparkökubakstri foreldrafélagsins. Dagarnir sem fara í bakstur eru 17.-19. nóvember. Byrjað verður að baka kl: 17. Foreldri mætir í eitt skipti og mikilvægt er að foreldrar mæti þar sem heimilum hefur fækkað þó nokkuð, margar hendur vinna létt verk. Nánara skipulag kemur í tölvupósti.

## Vel heppnað læsisþing

Miðvikudaginn 30. september 2015 var haldið skólaping nemenda og starfsfólks um grunnþáttinn læsi. Nemendur á leik- og grunnskólastigi sýndu afrakstur læsisvinnu á fjölbreyttan hátt, Oddur Bjarni prestur, leikari ofl. kom í heimsókn og sagði nemendum frá ýmsum þáttum í hans lífi og annarra þar sem lestur og læsi skipta miklu máli, einnig las hann fyrir börnin. Sem sagt fjölbreytt og skemmtilegt, fræðandi skólaping um lestur og læsi.

Meira um [skólaping hér.](#)



## Breyting á matskvarða

Menntamálaráðuneytið hefur gefið út breytingu á námsmatskvarða aðalnámskrár grunnskóla. Breytingin felur í sér að í stað A,B,C,D BÆTAST B+ OG C+ við kvarðann og því verður hann þessi: **A, B+, B, C+, C, D.**

[Auglýsingin í heild hér.](#)

## Eldri borgarar-ömmur og afar

Nú endurtökum við leikinn frá í fyrra og bjóðum eldri borgurum á Ströndinni og ömmum og öfum (sem eru auðvitað ekki öll eldri borgarar) að koma og spila við okkur, fá sér hressingu, skoða skólann og eiga góða stund saman.


**Miðvikudaginn 18. nóvember** bjóðum við eldri borgurum og ömmum og öfum í heimsókn til okkar í skólann frá kl. **12:00-13:30.**

Miðar verða sendir í hús til áminningar.



# Viðburðadagatal nóvember 2015

Mánudagur    Þriðjudagur    Miðvikudagur    Fimmtudagur    Föstudagur    **Laugardagur**    **Sunnudagur**

2  Muna að lesa heima!	3 Fyrirlestur fyrir foreldra 16:30	4	5	6 Haustönn lýkur Matsmöppur	7	8 Baráttudagur gegn einelti 
9 Vetrarönn hefst Smiðjuskípti  Björn Rúnar 12 ára 	10	11	12	13	14	15
16 Dagur íslenskrar tungu 	17 Piparköku-bakstur foreldra	18 Spilastund með eldri borgurum  Piparköku-bakstur foreldra	19 Piparköku-bakstur foreldra	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	1. desember Jólafondur					